

Nd.

152. Frumvarp til laga

[124. mál]

um breyting á umferðarlögum nr. 40 frá 20. apríl 1968.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Í IX. kafla laganna: Ýmis ákvæði, komi ný grein, er verði 94. gr., svo hljóðandi: Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa aksturskeppni á vélknúnum ökutækjum við aðstæður og undir eftirliti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur. Í þeirri reglugerð er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunnugt að alls staðar í heiminum eykst áhugi manna á akstursþróttum á vélknúnum ökutækjum.

Reynslan sýnir að þessi áhugi er mikill hér á landi. Margs konar keppni á þessu sviði hefur farið fram á ýmsum stöðum á landinu, en því miður án sérstaklega skipulags eftirlits af hálfu ábyrgra aðila. Hefur þetta valdið lögreglufirvöldum og land- og náttúruverndarmönnum áhyggjum.

Á móti þeirri þróun, sem að framan getur, verður ekki spornað, en skynsamlegustu viðbrögð löggjafans eru að setja fastmótaðar reglur um framkvæmdina.

Frumvarp þetta felur í sér að ætlast er til að dómsmálaráðherra setji reglugerð um framkvæmd bifreiðaiþróttar, en með því er hægt að koma í veg fyrir að land- eða umhverfisspjöll hljóttist af bifreiðakeppni. Þá er gert ráð fyrir að bifreiða- eða bifhjólakeppni fari ætíð fram undir eftirliti ábyrgs aðila, t. d. félagssamtaka, en þau hefðu að sjálfsgöðu fullt samráð við lögreglufirvöld þess staðar, þar sem keppnin fer fram.

Loks er gert ráð fyrir því, að víkja megi frá hámarkshraða skv. 50. gr. laganna til hækkunar þar sem aðstæður leyfa hverju sinni, enda séu sérstakar varúðar- ráðstafanir viðhafðar, en um þetta verði nánari ákvæði í væntanlegri reglugerð.